

SKILAGJALDSSKYLDAR DRYKKJARVÖRUUMBÚÐIR



Hvernig á að flokka?

Almenna reglan er að drykkjarvöruumbúðir, fyrir utan þær umbúðir sem innihalda vín, þurfa að hafa innihaldið vatn með eða án kolsýru, eða vatnsblönduð efni til drykkjar, til að vera skilagjaldsskyldar. Um er að ræða tilbúna drykkjarvöru sem hægt er að drekka beint úr viðkomandi umbúðum.

Eftirtalдар umbúðir eru skilgreindar sem skilagjaldsskyldar umbúðir:

- Ál- og stáldósir fyrir gosdrykki og bjór 33cl. og 50cl.
- Plastflöskur fyrir gosdrykki 50cl. - 2 lítra.
- Dósir, plast- og glerflöskur fyrir orkudrykki.
- Dósir, plast- og glerflöskur fyrir tilbúna ávaxtasafa.

- Glerflöskur fyrir gosdrykki frá Víðfelli (allar einnota nuna).
- Glerflöskur fyrir öl (bjór).
- Glerflöskur fyrir áfengi, bæði léttvín og sterk vín.

Ekki er skilagjald á umbúðum undan ávaxtaþykni, mjólkurdrykkjum, matarolíu, tómatsósu eða þvottalegi. Umbúðunum má skila með öðrum plastumbúðum, t.d. í græna grenndargáma eða í steinefnagám ef um glerflöskur er að ræða.

Frekari upplýsingar um hvaða umbúðir bera skilagjald, sem og gjaldskrá, má fá hjá Endurvinnslunni hf. Sjá endurvinnslan.is.

Hvert á að skila?

ENDURVINNSLUSTÖÐVAR

Flokkað og talið. Hámark 1000 einingar í hverri afgreiðslu. Aðeins er greitt inn á debetkort. Ekki tekið við á Sævarhöfða og Dalvegi.

- Endurgreiðsla (kr/stk)

MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ

Ekki tekið við!

URÐUNARSTAÐUR

Ekki tekið við!

SORPA tekur við skilagjaldsskyldum umbúðum í áhaldahúsinu við Vallargrund á Kjalarnesi.

Einnig er hægt að skila beint til Endurvinnslunnar hf. Þar er enginn hámarksfjöldi og hægt er að fá endurgreitt í reiðufé.

Hvað verður um efnið?

Endurvinnslan hf. tekur við skilagjaldsskyldum umbúðum sem berast til SORPU og baggar áldósir og plastumbúðir í pressum. Umbúðirnar eru svo fluttar erlendis til endurvinnslu. Framleiðsla úr endurunnum áldósum eru nýjar

áldósir og úr gömlu plastflöskunum er framleidd polyester ull – efni sem nýtist í fataiðnaði, teppaframleiðslu o.fl. Flísföt eru þekktasta afurðin. Glerflöskur eru muldar og nýtast sem fyllingarefni hérlandis.

Áldósir

endurunnar í nýjar áldósir



endurunnar í flísfatnað

Plastflöskur

Gler

nýtist sem landfyllingarefni

